



## Fundargerð

131.fundur íþróttar- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Skólavegi 1  
(Fjölskyldusetrinu) 18. júní 2019, kl. 16:00

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir, formaður, Brynjar Freyr Garðarsson, Jón Haukur Hafsteinsson, Jóhannes A. Kristbjörnsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs og Hafþór Barði Birgisson íþróttar- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

\*\*\*

### 1. Uppbygging íþróttamannvirkja og -svæða - rýnivinna (2019050297)

Bókun ÍT ráðs vegna stefnumótunar íþróttamannvirkja og íþróttasvæða Reykjanesbæjar.

Mikilvægt er að koma til móts við vaxandi starfsemi íþróttafélaganna í Reykjanesbæ og sett verði framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir alla íbúa sem eru samnýtt af íþróttafélögum innan bæjarins.

Í framhaldi af vinnu Capacent á stefnumótun í aðstöðu og íþróttamannvirkjum í Reykjanesbæ er ljóst að sameiginleg nýting mannvirkja og íþróttabúnaðar er skynsöm nýting á skattfé, aðgengi betra fyrir íbúa og stuðlar að aukinni þátttöku barna í íþróttum.

ÍT ráð er sammála ályktunum úr skýrslu Capacent um að bæta þurfi nýtingu á íþróttamannvirkjum í Reykjanesbæ í samstarfi við skóla og íþróttafélög.

Framtíðarstefna Reykjanesbæjar skal stuðla að sameiginlegri nýtingu mannvirkja, uppbyggingu miðlægðs íþróttasvæðis og hagkvæmri aðstöðu fyrir bæjarbúa.

Íþróttar- og tómstundaráð leggur áherslu á að eftirfarandi framkvæmdir við íþróttamannvirki verði settar á fjárhagsáætlun á næstu árum. Uppbygging aðstöðu og íþróttamannvirkja verði reglulega endurskoðuð í samræmi við framtíðarsýn bæjarins.

2019

- Unnið með niðurstöður Capacent og stillt upp þörfum íþróttafélaganna varðandi Afreksbraut
- Teiknað upp framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við USK og ÍT ráð
- Áhersla lögð á að tengja hjóla- og göngustíga úr nærliggjandi hverfum

JAK

E.S.  
BMB

HFB  
BFG



2020

- Hafist handa við byggingu á fullbúnum gervigraskeppnisvelli fyrir Keflavík og Njarðvík með stúku og búningaaðstöðu vestan Reykjaneshallar
- Ný áhaldageymsla við Reykjaneshöll

2021

- Hafist handa við hönnun á fjölnota íþróttahúsi við Afreksbraut sem staðsett verður á svæðinu milli æfingavalla Keflavíkur og Njarðvíkur í knattspyrnu. Í íþróttahúsini verður keppnisvöllur fyrir körfuknattleiksdeildir Reykjanesbæjar, framtíðar aðstaða fyrir fimleikadeild og bardagaíþróttir, aðstaða fyrir skotdeild, lyftingar, golfklúbb ásamt félagsaðstöðu fyrir allar deildir

2022-2026

- Hafist handa við byggingu fjölnota íþróttahúss sem verður byggt í áföngum
- ÍT ráð leggur áherslu á að keppnishús fyrir körfuknattleik og aðstaða fyrir fimleikadeild verði byggð í fyrstu áföngum byggingarinnar

Fyrrgreindar tillögur verða unnar í samráði við aðalstjórnir beggja félaga og er íþróttta- og tómstundafulltrúa falið að boða formenn til fundar.

## 2. Umsókn í forvarnarsjóð Reykjanesbæjar (2019050291)

Umsókn frá B.A.B Bikers against bullying.

ÍT ráð getur ekki orðið við erindinu.

## 3. Vertumemm - eflum fjölmenninguna í íþróttta- og tómstundastarfi (20190502969)

Íþróttta- og tómstundafulltrúi sagði frá verkefninu Vertumemm - eflum fjölmenninguna í íþróttta- og tómstundastarfi og hvað sé framundan í þessu verkefni sem er unnið í góðu samstarfi við Velferðarsvið.

Íþróttta- og tómstundaráð fagnar þessu verkefni.

## 4. Ný sumarnámskeið í samstarfi við mennta og menningarmálaráðuneytið (2019040335)

Íþróttta- og tómstundaráð fagnar því að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli styðja fjárhagslega margvisleg verkefni á Suðurnesjum í kjölfar falls Wow Air. Íþróttta- og tómstundafulltrúi sagði frá fjórum námskeiðum sem fengu styrk frá ráðuneytinu.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.15

J.A. Knott

Eva Stefánsd.  
Björn M. Bragason  
Jón Þorlaksson  
Barney Frýr Gálsdóttir.